

# ÞYKKMÁLNING

## Teygjanleg undirmálning

- Gerð:** Teygjanleg vatnspynnanleg útimálning.
- Notkunarsvið:** Einkum ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss bæði við ný- og endurmálun. Málningin hentar einkar vel til að þétta vatnsbretti og lítið hallandi fleti.
- Eiginleikar:** Vatnspynnanleg akrýlmálning sem myndar vatnsþétta og mjög teygjanlega filmu með frábært alkálí-, vatns- og veðrunarþol. Hindrar ekki eðlilegt rakagegnumstreymi flatarins.

**TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR**

<b>Stofnar:</b>	HVÍTUR
<b>Litir:</b>	--
<b>Gljástig:</b>	--
<b>Efnisnotkun:</b>	1-3 m <sup>2</sup> /l
<b>Pakkningar:</b>	1, 4 og 10 lítrar
<b>Áhöld:</b>	Pensill eða rúlla.
<b>Purrktími og yfirmálun:</b>	Snertipurrt eftir um 4 klst. Yfirmálun eftir 8-12 klst eftir aðstæðum.
<b>Eðlismassi:</b>	1,3 g/ml
<b>Purrefni (rúmmál):</b>	Um 50 %
<b>Geymsla:</b>	Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Eftir opnun skerðist geymsluþol.
<b>VOC:</b>	VOC: Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk fyrir þessa vöru (fl. A/c) 40 g/l. Varan inniheldur að hámarki 30 g/l

---

**VERKLÝSING**

---

- Notkunar aðstæður:** Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%.
- Undirbúningur:** Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málnun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olú, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málnun. Mælt er með að sílanbaða nýja fleti svo skal grunna með Steypugrunni eða þynntri Brynju fyrir málnun.
- Málun:** Málið tvær til þrjár umferðir eftir þörfum. Varasamt getur verið að mála utanhúss ef von er á náttfalli. Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt.
- Þynnir:** Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.
- Umhverfi:** Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgangum og tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Athugið:** Við málnun á hraunuðum flötum er ráðlagt að nota þynnta málningu. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.